

Fræðslufundur í Öldungadeild Lí 31. maí 2023

Fyrirlesari: Pétur Gunnarsson, rithöfundur: “Rousseau og Jón Steinrímsson: tvær eldsálir á 18. öld”.

Mættir: 36 félagar og 5 gestir.

Fundur hófst kl. 16:35 í beinu framhaldi af aðalfundi. Formaður kynnti fyrirlesara og Pétur hóf fjörlega frásögn sína á því að útskýra hvað þessir tveir annars gjörólíku menn eiga sameiginlegt annað en að hafa verið uppi í sama tíma: Báðir skrifa ævisögur, sem eru réttlættingsögur, skrifaðar til þess að bera af sér róg og ámæli. Rousseau var á hátindi ferils síns þegar hann stóð á fimmtugu og hafði þá lokið við að skrifa þrjú mikil rit uppá 700 síður hvert. Á þessum tíma var gífurlega ströng ritskoðun í Frakklandi þar sem einvaldur konungur með vald sitt frá guði réð ríkjum. Bók Rousseaus um Emil, sem fjallar um uppeldi barna, var bönnuð og brennd á tröppum Sorbonne og handtökuskipun gefin út á höfundinn. Síðan birtist nafnlaust niðrit, en höfundur þess var Voltaire. Í Játningunum, sem líka telja 700 bls., réttlætir Rousseau málstað sinn. Mjög var þá farið að hrikta í þessari gömlu heimsm mynd enda skammt til frönsku byltingarinnar sem einmitt sótti sinn innblástur til rita Rousseau. Játningarnar komu út eftir byltinguna.

Vék þá sögunni að Jóni Steingrímssyni og hvað hann hafði á samviskunni. Jón var orðinn bóndi norður í Skagafirði þegar danski presturinn Harboe tók eftir námsgáfum hans og studdi til mennta. Réðst hann svo sem djákni að Reynisstað en hraktist þaðan með ásakanir á bakinu um morð á fyrri eiginmanni konu sinnar og barn sem kom undir 3 mánuðum fyrir hjónaband. Fékk svo uppreist æru hjá kóngi, flutti suður í Skaftafellssýslu og í hönd fóru góð ár sem prestur, læknir, bóndi og sjómaður. En aftur komu upp kvittir og ásakanir um að Jón hefði misnotað aðstöðu sína og hraktist Jón milli staða. Í Skaftáreldum var hann eini presturinn á svæðinu sem ekki flúði, heldur liðsinnti og líknaði. Hann fór fótgangandi (enda enga hesta að hafa) suður á Álftanes til að sækja það fé sem loks barst frá stjórninni í Danmörku til hjálpar nauðstöddum eftir eldana. Á heimleiðinni aftur austur varð það glæpur hans að rjúfa innsiglið og byrja að veita bændum sem voru hjálparþurfi aðstoð. Jón skrifaði ævisöguna handa dætrum sínum og ætlaðist til að þær brenndu hana að loknum lestri en Steingrímur Jónsson kom henni undan. Hún var fyrst gefin út á prenti 1913.

Pétur gerði svo ljóslifandi fyrir okkur hina svakalegu 18. öld á Íslandi, þegar þjóðinni fækkaði um þriðjung strax í upphafi aldar í stóru bólu og svo gekk á með hafis og eldgosum. Í slíku árferði verður mannlífið grimmt og harðneskjulegt, gamla gestrinin var ekki lengur viðhöfð og eftir Skaftárelda ráfaði bjargarlaus farandlýður um sveitir og hafði ekki önnur ráð en ræna sér til matar ef færi gafst. Aðstæður Rousseaus voru alger andstæða þessa. Móðir hans dó við fæðingu hans en hann átti góða æsku í Sviss, naut menntunar og góðra bókmennta. Strauk úr iðnnámi til Frakklands og þurfti þá tilsögn í kaþólsku sem hann fékk hjá yndislegri konu sem kenndi honum líka lystisemdir ástarlífsins. Í Frakklandi 18. aldar naut aðallinn frjálsræðis í ástum og skemmti sér við tónlist og bókmenntir.

Ýmislegt bar á góma í líflegum umræðum að loknu erindi; Rousseau er enn sprellifandi í Frakklandi, hann var svo glöggur og framsýnn í hugsun um stjórn má, Jón hefur lifnað við með þjóðinni með nýjum bókum og Pétri var hrósað fyrir þýðingu sína á Játningunum.

Fundi slitið kl. 17:40.

Helga M. Ögmundsdóttir